

Ed.

221. Frumvarp til laga

[117. mál]

um innflutning jeppabifreiða.

Flm.: Páll Zóphóníasson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal sjá um, að sem fyrst á næsta ári verði fluttar til landsins 14 jeppabifreiðar:

- 1 handa búnaðarsambandi Austurlands,
- 1 — búnaðarsambandi N-Þingeyinga,
- 1 — búnaðarsambandi S-Þingeyinga,
- 2 — sæðingarstöðinni á Akureyri,
- 1 — búnaðarsambandi Eyfirðinga,
- 1 — búnaðarsambandi Skagfirðinga,
- 1 — búnaðarsambandi Borgfirðinga,
- 1 — sæðingarstöðinni á Hvanneyri,
- 1 — sæðingarstöðinni á Lágafelli,
- 1 — búnaðarsambandi Kjalarnesþings,
- 2 — búnaðarsambandi Suðurlands,
- 1 — rannsóknarstöðinni á Keldum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegna gjaldeyriserfiðleika hefur innflutningur jeppabifreiða verið stöðvaður. Eftirspurn eftir bifreiðum þessum er hins vegar mikil og engar líkur fyrir því, að hægt verði að fullnægja henni, þó að innflutningur verði mögulegur á næsta ári. Ekki verður um það deilt, að þörf manna fyrir þessar bifreiðar er misjöfn, og verður sjálfsgagt erfitt að finna leiðir, er tryggi það, að þeir umsækjendur fái þær, er mesta hafa þeirra þörf. Varla verður þó ágreiningur um það, að þar sem að standa þarfir fjöldans, þá beri að meta þær meira en þörf einstaklingsins. Í þessu frumvarpi eru teknar 14 jeppabifreiðar og lagt til, að þær verði þegar fluttar inn, og eru þarfir manna til að fá þær augljósar og skulu nú raktar.

Bændur í Eyjafirði standa allir saman í nautgriparæktarfélagunum. Þeir hafa komið sér upp sæðingarstöð á Akureyri, og er frá henni ekið með sæðið um allt héraðið, eftir því sem þörf krefur. Við þetta vinna þeir menn, og eru þeir oft allir á ferðinni og ætíð tveir á hverjum degi. Til þessa hafa þeir þrjá bíla, og er einn gamall herjeppi, sem nú er að verða ófær til aksturs, annar vörubíll, sem notaður er í neyð, og þriðji jeppabíll nothæfur. Eigi þessi starfsemi að geta haldið áfram með viðhlítandi kostnaði, er nauðsynlegt að fá tvo nýja jeppabíla.

Samband nautgriparæktarfélags Borgarfjarðar var stofnað 1936 og starfaði fyrst á árinu 1937. Nú er það að koma upp sæðingarstöð að Hvanneyri, og vantar þá alveg bílakost til þess að geta flutt sæðið um héraðið. Í bili er hugsað að komast af með lánsbíla, en slíkt er með öllu ógerlegt í framtíðinni. Svipað má segja um sæðingarstöð að Mosfelli, sem nú er að taka til starfa.

Loks er svo lagt til, að Keldur fái einn jeppa. Vegna starfsins þar er þeim nauðsyn að geta hvenær sem er farið á þá staði, sem t. d. grunsamir sjúkdómar koma upp á, eins og þeim líka er nauðsynlegt að fara eitt og annað til að víða að sér efni til rannsókna viðvíkjandi þeim verkefnum, sem unnið er að á hverjum tíma.

Trúnaðarmenn Búnaðarfélags Íslands, sem fara um landið, mæla jarðabætur og leiðbeina bændum, vantar víða farartæki, og hafa sumir orðið að fara gangandi milli hæja, og má heita, að slíkt sé ógerningur, þótt orðið hafi við slíkt að hlíta.